



**H O L T A S K Ó L I**

**Skólanámskrá 2009 - 2010**  
**Bekkjarnámskrá**

# Bekkjarnámskrá

## 4. bekkur

### Íslenska

Fjöldi kennslustunda er 9 stundir á viku.

Íslenskukennslan í 4. bekk verður samofin allri annarri kennslu. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er íslenskunámi skipt í eftirfarandi þætti: talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Þessir þættir eiga að styðja hver annan, tengjast og skarast og fléttast saman sem ein heild og lögð er áhersla á Að nemandi þjálfist í íslensku í öllum námsgreinum grunnskóla.

### Talað mál og framsögn

#### **Markmið:**

Að nemandi

- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- vinni verkefni sem gera kröfur um að hann tjái sig munnlega
- ræði við bekkjarfélaga sína, t.d. þegar upp koma vandamál, og reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- kynni vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og jafnvel stærri hópi, t.d. foreldrum og öðrum skólafélögum, og geti sagt skipulega frá verkefnum sem hann hefur unnið
- þjálfist í að lesa upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum og hrynjandi
- taki þátt í leikrænni tjáningu og leikspuna
- geri sér grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu og fari eftir þeim
- þjálfist í að syngja ýmsa algenga íslenska söngva og taki þátt í fjöldasöng
- hlusti á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og af bandi
- geti fylgst með flutningi á leikriti
- geti svarað spurningum varðandi efni sem hann hefur hlustað á
- fari í leiki sem gera kröfur um að hlustað sé á munnleg fyrirmæli með athygli
- geti farið eftir munnlegum fyrirmælum kennara
- geti lýst munnlega eða skriflega ýmsum hlutum eða athöfnum úr nánasta umhverfi
- horfi á fræðslu- og skemmtiefni með athygli og vinni úr upplýsingum sem þar koma fram

#### **Kennslutilhögun:**

Leikræn tjáning, söngur, tónlist, umræður, þulunám, bein kennsla og hlustunarefni. Lestur og bókmenntir

#### **Námsefni:**

Markviss málörvun í leik og starfi, ýmsir textar, sögur, ljóð, þulur, leikir og efni frá kennara.

## Virk hlustun

### **Markmið:**

Að nemandi

- auki orðaforða sinn, málskilning og lesskilning með fjölbreyttum verkefnum
- hafi greiðan aðgang að fræðibókum og handbókum, bæði í kennslustofu og á skólasafni og noti þær til upplýsingaöflunar
- þjálfist í lestri á skólasafni
- hafi aðgang að margvíslegu fræðsluefni á tölvutæku formi og á Netinu
- þjálfist í nákvæmnilestri
- geti gert munnlega og skriflega grein fyrir efni sem hann hefur lesið
- nái tókum á því að lesa fyrirmæli og fara eftir þeim
- geti nýtt sér helstu lestrarmerki
- geti lesið upphátt, á viðunandi hraða, skýrt og áheyrilega
- velji sér bækur af skólasafni til að lesa sér til ánægju
- hlusti á upplestur á sögum og leiktextum og ljóðum, bæði hefðbundnum og óhefðbundnum
- læri utanbókar vísur og ljóð til söngs og annars munnlegs flutnings
- geti lesið sögur, ævintýri, þjóðsögur, dæmisögur, gamansögur og stuttar bækur
- kannist við verk nokkurra íslenskra rithöfunda
- fái fjölbreytt tækifæri til að lesa sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga
- geri sér grein fyrir hugtökum eins og ljóðstafir og taktur
- þekki og geti notað hugtök eins og persóna, söguhetja, söguþráður, rím og sögulok

### **Kennslutilhögun:**

Lesskilningur, hugtök, upplestur, virk hlustun, hljóðlestur og skrift. Lestur í tímum, heimalestur og ljóðalestur.

### **Námsefni:**

Kóngar í ríki sínu 1 (vinnubækur fylgja ofangreindum bókum), Það var skræpa, Loftur og gullfuglarnir, Sögusteinn.

Ljóðsprotar ásamt hljóðsnældu, Ljóðaleikur, vinnubók í ljóðum fyrir 4. bekk, valið efni frá kennurum.

## Ritun

### **Markmið:**

Að nemandi

- hafi náð góðum skriftarhraða
- geti skrifað tengda skrift eftir forskrift
- þjálfist í að stafsetja rétt með fjölbreyttum verkefnum með áherslu á samfellt mál
- semji sögur með atburðarás og yrki ljóð og skrifi sjálfur
- geri sér grein fyrir hugtökum eins og upphaf, miðja og endir í frásögnum
- geti lýst hlutum og athöfnum í rituðu máli
- geti skráð lengri frásagnir um atburði úr eigin lífi
- þjálfist í að skrifa póstkort og sendibréf
- geti skráð framvindu og niðurstöður í verkefnum sem hann hefur unnið, t.d. í samfélagsgreinum og náttúrufræði

- þjálfist í að gera útdrætti og skrá efni munnlegra og/eða skriflegra frásagna
- læri að greina aðalatriði í texta
- geti skrifað einfaldan texta eftir upplestri
- þjálfist í að nota orðabækur og önnur hjálpargögn við ritun
- kynnist ritvinnslu sem hjálpartæki við ritun og átti sig á íslenska stafrófinu á lyklaborði
- kynnist tölvusamskiptum
- læri að fara eftir stafsetningarreglum, t.d. n- og nn-reglunni og reglum um stóran og lítinn staf í sérnöfnum og samnöfnum
- geti notað skriftargerðina sem honum hefur verið kennd í frjálstri ritun
- leggi sig fram um að skrifa skýrt og greinilega og vandi allan frágang

### **Kennslutilhögun:**

Bein kennsla, heildstæð verkefni, hlustunarefni, ritun, safnfræðsla, sköpun, tjáning og þulunám.

### **Námsefni:**

Vinnuhefti í skrift 1, 4 áfangi , Heimavinnuhefti í skrift 1, 4 áfangi, Ritrún, Skinna 1, Þristur. Ýmis ritunarverkefni frá kennara.

### Málfræði

### **Markmið:**

Að nemandi

- þekki hugtökin samheiti og andheiti
- þekki mun samnafna og sérnafna og geti nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu
- þjálfist í að búa til samsett orð
- geri sér grein fyrir muninum á orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð
- þekki mun sérhljóða og samhljóða
- geri sér grein fyrir stigbreytingu lýsingarorða
- geri sér grein fyrir nútíð og þátíð sagna
- læri að greina kyn nafnorða og eintölu og fleirtölu
- átti sig fallbeygingu nafnorða, bæði eintölu og fleirtölu
- vinni með algeng orðtök og málshætti
- kannist við hvaða orðmynd er uppflattimynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka
- fái tækifæri til að beita móðurmálinu á fjölbreyttan hátt í leikjum, t.d. í rími, orðaleikjum og krossgátum og nýti sér algeng málfræðihugtök í því skyni

### **Kennslutilhögun:**

Bein kennsla, heildstæð verkefni og ritun.

### **Námsefni:**

Þristur, Málrækt 1, Skinna 1, Mál til komið og ýmsar vinnubækur og efni frá kennara.

### Stafsetning

### **Markmið:**

Að nemandi læri réttan rithátt á íslensku; þeir kunni að skrifa stóran og lítinn staf þar sem við á og noti greinarmerki; þeir kunni eftirfarandi stafsetningarreglur: -ng og -nk, n/nn í endingum orða og tvöfaldan samhljóða.

### **Kennslutilhögun:**

Nemendur skrifa texta eftir bókum og upplestri og vinna ýmis verkefni með hliðsjón af Markmið:um árgangsins. Ýmis vefverkefni tengd stafsetningu verða unnin í Upplýsinga- og tæknimennt:.

### **Námsmat:**

Lesskilningspróf, raddlestrarpróf, símat og kannanir. Ástundun, vinnusemi og frágangur. Umsögn verður gefin í lok skólaárs.

### **Námsefni:**

Ritum rétt, Mál til komið grunnbók.

## **Stærðfræði**

Í upphafi er stærðfræðikennsla barna byggð á hugtökum úr þeirra eigin reynslu og þekkingarheimi. Leitast er við að tengja viðfangsefnin daglegu lífi barnanna. Fjölbreyttir kennsluhættir og mismunandi nálgun við lausn viðfangsefna er nauðsynleg því ung börn sjá oft hlutina með öðrum augum en fullorðnir. Fjöldi kennslustunda er að jafnaði 6 stundir á viku.

### **Markmið:**

#### Stærðfræði og tungumál

Að nemandi

- safni gögnum í tengslum við rannsóknir og kannanir í náttúru- og samfélagsfræði og skrái í töflu og súlurit, t.d. með aðstoð töflureiknis
- noti stærðfræðileg hugtök til að lýsa hlutum eða fyrirbrigðum, t.d. leikföngum, hlutum úr umhverfinu eða rökkubbum
- semji sögur um stærðfræðileg verkefni og sýni hvernig þau geta verið sprottin úr ólíku samhengi
- útskýri fyrir kennara og bekkjarfélögum hvernig hann leysir verkefni með aðstoð hjálpargagna, skýringarmynda og tákna
- taki þátt í umræðum um stærðfræðileg efni og þjálfist í að spyrja spurninga til að öðlast betri skilning á þeim

#### Lausnir verkefna og þrauta

Að nemandi

- temji sér að prófa lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni
- leysi þrautir þar sem beita þarf útreikningum til að leysa vandamál
- vinni með tölvuforrit þar sem leysa þarf þrautir

#### Tengsl við daglegt líf og önnur svið

Að nemandi

- reikni út hve mikið efni þarf til að vinna ákveðið handíðaverkefni
- vinni með tímareikninga, tímaáætlanir og lesi úr einföldum töflum, t.d. áætlanatöflum almenningsfarartækja til að finna út hvenær farartækið er á ákveðnum stöðum og hve langan tíma tekur að fara milli staða
- vinni með staðaleiningarnar m og cm, l og dl og g og kg

## Tölur

### Að nemandi

- skrái háar tölur og brot í tengslum við mælingar og útreikninga
- skoði hvernig mynstur er hægt að mynda með mismunandi fjölda. Hvað er hægt að raða fjórum kubbum á marga mismunandi vegu? En fimm kubbum?
- fáist við skiptingu þar sem afgangur verður. Hvaða tala gefur 1 í afgang þegar henni er skipt í 2, 3 og 5 hluta.

## Reikniaðgerðir og reiknikunnátta

### Að nemandi

- leysi verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem þarf að leggja saman, draga frá, margfalda eða deila til að finna lausn
- skoði mynstur í margföldunartöflum og beri saman mynstur sem myndast í mismunandi töflum
- noti talnalínu til að skoða eðli reikniaðgerða og kanni innbyrðis tengsl þeirra. Hvað gerist á talnalínu þegar lagt er saman, dregið frá, margfaldað eða deilt? Er sama í hvaða röð tölurnar, sem unnið er með, eru valdar?
- noti talnalínu og/eða vasareikni til að skoða andhverfar aðgerðir, t.d. margföldun og deilingu
- þjálfist í að finna ólíkar leiðir við lausn verkefna og bera saman mismunandi leiðir að sömu lausn, m.a. til að meta hvort niðurstaða er rétt
- reikni dæmi með háum tölum, t.d. niðurstöður rannsókna og kannana, og velji sér heppilegt hjálpartæki til útreikninga
- noti þekkingu á tugakerfinu við hugarreikning
- námundi tölur að næsta heila tug eða hundraði
- noti þekkingu á tugakerfinu við lausn dæma

## Mynstur og algebra

### Að nemandi

- tjái sig um regluleika í mynstri með margvíslegum hætti, s.s. með orðum, teikningum eða tölum
- leysi einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu
- kynnist notkun bókstafa fyrir tölur, t.d. með því að gera töflur yfir  $n$ ,  $n+1$ ,  $n+n$  o.s.frv. fyrir mismunandi gildi á  $n$
- sannreyni að þegar sömu stærð er bætt við báðar hliðar jafnaðarmerkis gildir jafnaðarmerkið áfram

## Rúmfræði

### Að nemandi

- teikni flatarmyndir, s.s. þríhyrninga og rétthyrninga, og noti hugtökin punktur, hlið, horn o.s.frv. rétt
- þekki rétt horn, hvöss og gleið og þekki þau í sínu umhverfi
- mæli yfirborð hluta með því að nota mismunandi mælitæki, t.d. rúðunet eða einingarkubba
- mæli rúmmál umbúða með því að nota einingarkubba
- geri lista yfir mælitæki sem hann hefur séð fólk nota
- beri saman flatarmál rétthyrninga og margföldun tveggja talna
- fylgi leið á korti eftir leiðbeiningum og leiti að stöðum á landakorti út frá upplýsingum um staðsetningu
- hliðri flatarmyndum, t.d. á pinnabretti eða rúðuneti

## Tölfræði og líkindafræði

Að nemandi

- geri rannsóknir á umhverfi sínu, telji, flokki, skrái og lesi úr niðurstöðum og setji upp í einföld myndrit, taki þátt í umræðum um þær upplýsingar sem myndritin gefa og fáist við útreikninga út frá þeim
- safni tölfræðilegum gögnum úr tímaritum þar sem nemendur velja viðfangsefni, skipuleggja söfnun gagna og velja framsetningarmáta og ræði um hvaða upplýsingar gögnin gefa
- spili spil þar sem byggja þarf á líkum

### **Kennslutilhögun:**

Innlögn, umræður, verkleg vinna, æfingar, þrautalausnir, rannsóknir og tilraunir, tölvuforrit.

### **Námsgögn:**

Eining 7 og 8, Viltu reyna, Verkefni fyrir vasareikni 3., 4., og 5. hefti. Stefnum á deilingu, Húrra hefti og ýmis verkefnablöð og ljósrituð hefti.

### **Námsmat:**

Símat og kannanir. Umsögn verður gefin í lok skólaárs.

## Enska

Kennd er að jafnaði ein stund á viku.

### **Markmið:**

Að nemandi

- skilji fyrirmæli kennara og efni á hljómböndum í tengslum við viðfangsefnið
- skilji einfalda texta af ýmsu tagi
- þjálfist í að vinna með orðaforða í textum

### **Kennslutilhögun:**

Eftirfarandi viðfangsefni eru tekin fyrir og lögð er áhersla á að nemandi tileinki sér þann orðaforða sem kemur fyrir í tengslum við þau:

- Að heilsa og kveðja
- Tölur 1-100
- Litir
- Fatnaður
- Stafrófið
- Líkaminn
- Fjölskyldan

### **Námsgögn:**

Portfolio; Speak Out,. ýmis verkefni frá kennara.

### **Námsmat:**

Ástundun, vinnusemi, frágangur og einfaldar kannanir

## Samfélagsfræði

Hlutverk skólans er að halda við og styrkja forvitni og áhuga nemenda á umhverfinu og leyfa þeim að takast á við verkefni sem víkka sjóndeildarhring, orðaforða, málfar og skynjun. Fjöldi kennslustunda eru 2 stundir á viku.

### **Markmið:**

#### Sjálfsmynd og félagslegt umhverfi

Að nemandi

- þekki nokkra drætti í breyttri stöðu kynjanna, barna, unglinga og aldraðra og geti rætt hvernig þessar breytingar koma fram í fjölskyldum
- beri saman fjölskyldulíf hér á landi nú við það sem gerist annars staðar og á öðru tímasteiði sögunnar
- öðlist skilning á því að hvaða leyti fjölskyldan er grunneining í samfélagi manna og hvaða sammannlegum þörfum hún sinnir

#### Skóli og heimabyggð

Að nemandi

- þekki fáein atriði íslenskrar skólasögu, svo sem heimafræðslu, farskóla og heimavistarskóla
- þekki til nokkurra atriða í þróun heimabyggðar, t.d. byggingaframkvæmda og fleiri manngerðra breytinga á umhverfinu

#### Land og þjóð

Að nemandi

- þekki íslenskar þjóðsögur og lesi úr þeim fróðleik um íslenska þjóðtrú og þjóðhætti fyrr á öldum
- þekki nokkrar valdar persónur og atburði í Íslendingasögunum
- þekki nokkrar valdar persónur og atburði í sögu þjóðarinnar, t.d. í heimabyggð
- geti borið saman það sem er líkt/ólíkt, t.d. í húsakosti, klæðaburði, mataræði, heimilislífi, menntun, leikjum barna, siðum og venjum, nú og á öðru tímasteiði, t.d. á síðustu öld
- öðlist skilning á því hvað hafið og lega landsins hefur haft að segja um lífsafkomu þjóðarinnar fyrr og nú

#### Heimsbyggð

Að nemandi

- kanni og geti gert grein fyrir nokkrum uppfinningum og tækninýjungum og áhrifum þeirra á samgöngur og samskipti í heiminum, t.d. gufuvél, bíl, flugvél, prenttækni, rit- og talsíma, gervitunglum og tölvutækni
- beri saman ólík menningarsvæði í heiminum, t.d. í köldu og heitu loftslagi

#### Tími

Að nemandi

- greini hvenær skipt er um tímasvið í frásögn og geti greint hvenær atburðir gerast á undan eða eftir öðrum eða samtímis
- geri sér grein fyrir að sögunni er skipt niður í tímabil, t.d. steinöld, fornöld, landnámsöld og miðaldir og læri tímatalstáknin f.Kr. og e.Kr.

## Rýni

Að nemandi

- öðlist skilning á gildi bókarinnar sem fróðleiksbrunnar í sögu, læri á uppbyggingu bókar, efnisyfirlit, atriðisorðaskrá og ráði við að finna bók á bókasafni
- þekki mismunandi leiðir til að afla sér upplýsinga, t.d. í bókum, dagblöðum og tímaritum, tölfræðigögnum, á kortum, á Netinu, hjá fræðimönnum eða öðrum einstaklingum

## **Kennslutilhögun:**

Tímatal – unnið daglega með vikudaga, dagsetningar, mánaðaheiti og ártöl. Umræður og margvíslegt föndur.

## **Námsgögn:**

Komdu og skoðuðu: Landnámið.

## **Námsmat:**

Símat, vinnubók, verkefni og hópavinna.

## **Náttúrufræði**

Fjöldi kennslustunda er 1 stund á viku.

## **Markmið:**

### Eðlisvísindi

Að nemandi

- geri tilraunir með hvað verður um efni sem leyst hafa verið upp í vatni, s.s. salt, sykur og kaffi
- geri tilraunir um áhrif mismunandi hitastigs á leysni, t.d. með því að setja sykur, salt eða tepoka í kalt vatn og heitt
- geri tilraunir með hvað gerist með hluti af mismunandi lögun þegar þeir eru settir á vatn, s.s. kubba, báta, laufblöð
- þekki ölduhreyfingu og endurvarp út frá
- athugunum úti í náttúrunni, í sundlaug og í fjöruferð
- eigin tilraunum, t.d. í bakka í kennslustofunni
- geri sér grein fyrir að hljóð myndast ekki nema hreyfing á hlutum eigi sér stað, t.d. með tilraun með að hleypa lofti úr blöðrum
- vinni með ýmsa hljóðgjafa, s.s.
- mannsröddina
- ýmis ólík hljóðfæri
- tónkvísl
- fjalli um hvers vegna það er mikilvægt að spara orku og endurvinnna hluti
- geri sér grein fyrir hvernig við spörum orku með einangrun, s.s. lofti, sæng, úlpu, steinull, frauðplasti

### Jarðvísindi

Að nemandi

- þekki muninn á sól og reikistjörnum
- geri athuganir á útliti tunglsins í einn tunglmánuð

- ræði um lífsskilyrði á öðrum plánetum og tunglinu, t.d. með því að bera saman myndir af þeim hliðum tunglsins sem snúa að og frá jörðu
- ræði um geimferðir út frá
- sögu tunglferða mannsins
- mögulegri þróun
- tækninotkun
- beri saman landsvæði af mismunandi gerð og stærð með tilliti til
- jarðvegs
- gróðurs
- möguleika til ræktunar
- athugi efni sem ekki sundrast í náttúrunni og fjalli um afleiðingar þess og gildi endurvinnslu og endurnýtingar
- skilji mikilvægi og taki þátt í landgræðslu
- þekki tilvist og tilgang veðurtungla á sporbaug um jörðu
- geti metið og borið saman niðurstöður hita-, vind- og úrkomumælinga
- sínar eigin
- frá öðrum, t.d. í gegnum tölvusamskipti við aðra skóla
- þekki að grunnvatn rennur um sprungur í berglögum
- þekki hvað er jarðhitasvæði
- helstu einkenni
- nýtingu hitans, t.d. hitaveitu, sundlaugar, jarðvarmaveitu Vestmannaeyja, Svartsengi
- ræði um núverandi og mögulega nýtingu fallvatna

### Lífvisindi

#### Að nemandi

- geri sér grein fyrir því hvaða breytingar í náttúrunni má tengja árstíðaskiptum og hvernig, t.d. snjókomu, vorkomu, vöxt plantna, lauffall
- ræði hvað verður um laufblöð og dauðar lífverur í náttúrunni
- athugi hvaða áhrif snjór hefur á gróður
- geri sér grein fyrir að ýmis utanaðkomandi efni eru skaðleg líkamanum og geta borist á ólíka vegu
- gegnum húð
- með innöndun
- með fæðu
- ræði um ýmiss konar sjúkdóma og mögulegar
- smitleiðir
- varnir
- lækningar
- ræði hvernig ólíkar dýrategundir annast afkvæmi sín

#### **Kennslutilhögun:**

Umræður, verkefnavinna og rannsóknir.

#### **Námsefni:**

Komdu og skoðaðu: Himingimurinn, Komdu og skoðaðu: Hringrásir

#### **Námsmat:**

Umsögn gefin í lok skólaárs og símat.

## **Samfélag, umhverfi, náttúra og menning**

Að nemandi

- kunnir umferðarreglur og umferðarmerki fyrir gangandi vegfarendur
- þekki vel öruggustu leið sína í skólann og beri sig rétt að við gangbrautir og götuljós
- þjálfist í notkun reiðhjóls sem leiktækis á leiksvæðum og stígum
- læri að lesa leiðbeiningar og skilaboð af skiltum
- læri að afla upplýsinga um símanúmer
- þjálfist í að nota almenningsvagna undir leiðsögn fullorðinna
- geri sér grein fyrir hættum á heimili sínu og í nágrenninu
- geti greint frá verslunum og þjónustuaðilum í nánasta umhverfi

### **Kennslutilhögun:**

Umræður, bekkjarfundir og hópavinna.

### **Námsmat:**

Umsögn í lok skólaárs .

## **Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði**

Fjöldi kennslustunda er 1 stund á viku.

„Námi í kristnum fræðum, siðfræði og trúarbragðafræðum er ætlað að stuðla að menntun og þroska nemenda og efla skilning á íslensku samfélagi og menningu í fortíð og nútíð. Greinin er einkum ætlað að efla trúar-, siðgæðis- og félagsþroska nemenda (Aðalnámskrá grunnskóla)“.

### **Markmið:**

Að nemandi

- kynnist frásögunum af Móse, dvöl Ísraelsmanna í Egyptalandi og brottförinni þaðan og öðlist skilning á merkingu páskahátíðar Ísraelsþjóðarinnar
- þekki aðdragandann að fæðingu Jesú, svo sem frásögunar af fæðingu Jóhannesar skírara, boðun Maríu og jólaguðspjall Lúkasar
- þekki sögu adventukransins og jólatrésins, táknræna merkingu og siði tengda þeim
- kynnist enn frekar frásögum úr Nýja testamentinu, m.a. frásögunum af skírn Jesú, brúðkaupinu í Kana, ekkjunni í Nain, lækningum Jesú á hvíldardegi, faríseanum og tollheimtumanninum, miskunnsama Samverjanum, ríka unglíngnum og vakningu Lasarusar frá dauðum
- auki þekkingu sína á dauða og upprisu Jesú, t.d. með kynnum af frásögum af yfirheyrslunum yfir Jesú og dauðadómnum, sögunni af ferð kvennanna að gröfinni á páskadagsmorgni og þekki frásöguna af því þegar Jesús birtist lærisveinum sínum við Tíberíasarvatnið eftir upprisuna
- þekki frásöguna af atburðum hvítasunnudags og geri sér grein fyrir merkingu hans fyrir kristna kirkju
- kunnir skil á kirkjuárinu, helstu hátíðum og merkingu ólíkra lita í helgihaldinu
- heimsæki kirkju og þekki nokkur trúarleg tákn og merkingu þeirra, kunnir skil á guðsþjónustunni og helstu kirkjulegum athöfnum svo sem skírn, fermingu, hjónavígslu og útför
- kynnist enn frekar íslenskri sálmahefð og trúarlegri tónlist og myndlist

- þroski með sér tillitssemi og nærgætni í samskiptum við aðra
- læri að meta það sem vel er gert og öðlist hæfni til að hrósa og uppörva aðra
- kynnist gyðingdómi, m.a. með frásögum úr lífi jafnaldra

#### **Námsefni:**

Birtan, Barnabiblían og ýmis verkefni.

#### **Námsmat:**

Umsagnir og símat.

### **Lífsleikni**

#### **Markmið:**

Sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífsstíll

Að nemandi

- sé fær um að túlka mismunandi tilfinningar
- virði leikreglur í hópleikjum
- geti bent á og nefnt ýmsa þætti í umhverfinu sem hafa áhrif á líðan hans
- geti velt fyrir sér jafnréttishugtakinu út frá ýmsum sjónarhornum, t.d. jafnrétti á milli manna og dýra, á milli forstjóra og starfsmanna, barna og fullorðinna
- þjálfist í að tjá tilfinningar sínar, hugsanir og væntingar á ýmsan hátt, t.d. með orðum eða látbragði
- geti sett sig í spor deiluaðila og leitað sáttaleiða
- geti túlkað hlutverk fjölskyldumeðlima í ólíkum fjölskyldugerðum
- geti lýst þörfum einstaklinga við ýmsar aðstæður og hvernig hægt er að koma til móts við þær, t.d. klæðnaður miðað við aðstæður, næring út frá orkuþörf
- sé fær um að setja sér Markmið: að eigin frumkvæði, t.d. hvenær hann ætlar að ljúka við heimanám eða taka til
- geti sett sig í spor ólíkra persóna til að finna samkennd með þeim, t.d. hippa, öldungi, barni, nýbúa, ljósmóður, kennara, fatlaðs manns og bónda

#### **Námsefni:**

Ýmis efni frá kennara. Zippý

### **Myndmennt**

Kenndar eru tvær stundir á viku hálfan veturinn.

#### **Markmið:**

Að börnin kynnist skipulögðu myndlistarnámi og þau geti á einfaldan hátt tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim í myndverki. Sjálfsgagnrýni er yfirleitt lítil, en tjáningarþörfin rík; Börnin halda áfram að læra um og vinna með grunnþætti í myndlist, s.s. formfræði, lítafræði og myndbyggingu, þekki virkni ljóss og skugga í umhverfinu og neikvætt og jákvætt rými. Þau fá innsýn í verk listamanna og geri sér grein fyrir að listin á sér sögu.

#### **Kennslutilhögun:**

Börnin vinna með liti og formfræði, nálægð og fjarlægð, forgrunn, bakgrunn og miðrými. Þau kynnast mismunandi miðlum og eru vanin við vönduð vinnubrögð. Notast verður við ýmsa miðla við kynningu efnis, s.s. bækur, netið, listsýningar o.fl.

## **Námsmat:**

Fylgst er með framförum, virkni og áhuga nemenda. Skrifleg umsögn er gefin að vori.

## **Upplýsinga- og tæknimennt:**

Fjöldi kennslustunda er 1 stund á viku hjá tölvukennara.

Ritþjálf/bókasafn 1 stund á viku, þ.e. ritþjálf hálfsmánaðarlega og bókasafnstími hálfsmánaðarlega.

## **Markmið:**

### Ritþjálf

- Nemendur læri rétta líkamsstöðu við vélritun.
- Upprifjun á heimalyklum og stöfum frá árunum á undan. Bæti við sig sex stöfum (þ, z, ö, c, l, w) og stórum staf ásamt táknum , . ? – og :.

### Bókasafn

Nemendur læra:

- að umgangast bókasafn
- hvernig á að umgangast bækur
- leita að bókum
- fletta upp í bókum og leita að hlutum í þeim

### Tölvur

Nemendur læra

- rétta líkamsbeitingu við tölvur
- kveikja og slökkva á tölvum
- að skrá sig inn á tölvurnar með sínu aðgangsorði
- læri á heimasvæðið sitt
- að fara inn og út úr kennsluforritum
- að fara í kennsluforrit á Netinu (tenglar á heimasíðu Holtaskóla)
- að vista á réttum stað
- að opna aftur ólokin verkefni
- vista gögn á disk
- að ganga frá tölvum að tíma loknum
- á Movie Maker (margmiðlun)
- tölvugrunn
- að búa til möppur
- að breyta skjámynd o.fl.
- siðfræði Netsins (SAFT)
- að nota lyklaborð í stað músar

## **Kennslutilhögun:**

- Nemendur vinna ýmis verkefni í tölvustofu undir stjórn kennara.
- Á bókasafni lesa nemendur og vinna ýmis verkefni undir stjórn kennara.

## **Námsgögn:**

- Bækur á bókasafni
- Kennsluforrit
- Kennsluforrit á Netinu (tenglar á heimasíðu Holtaskóla)
- Paint (teikniforrit): öll tæki og tól

- Word: sögugerð
- Movie Maker
- tölvugrunnur/Windows
- á tölvuorðabók
- Siðfræði á Netinu
- Ritþjálfari (hjá bekkjarkennara)

### **Námsmat:**

Fylgst er með virkni, áhuga og hegðun og mat gert í samræmi við það.

## **Tónmennt í 4. bekk**

Kennd er ein stund á viku.

### **Markmið:**

Að nemandi

- öðlist meiri færni í söng og flutningi á tónlist
- þekki og geti greint hugtök, s.s. háir og djúpir tónar, hratt/hægt, bjart/dimmt, langt/stutt, sterkt/veikt, endurtekning og andstæður, hljóð og þögn
- þekki sönglög sem tengjast íslenskum hátíðisdögum og þekki og geti greint helstu hljóðfæraflokka
- geri sér grein fyrir mikilvægi tónlistar í nútímapjódfélagi
- geti sýnt viðbrögð við fjölbreyttri tónlist, notkun efnisþátta, eiginleikum og einkennum og áhrifum þeirra, með hreyfingu, dansi og öðrum tjáningaformum
- þekki nokkur algeng hljómsveitarverk og höfunda þeirra (íslensk og erlend tónskáld)

### **Kennslutilhögun:**

- Hlustað á tónlist og hún skilgreind.
- Skólahljóðfæri verða notuð til að kynna hugtök tónfræðinnar.
- Unnið verður með tjáningu í formi hreyfingar, leikja og dansa.
- Skrifleg verkefni unnin.
- Áhersla lögð á söng.

### **Námsgögn:**

- Það er gaman að hlusta – á hermitónlist eftir Guðfinnu Dóru Ólafsdóttur.
- Það var lagið – hugmyndaefni í tónmennt eftir Elfu Lilju Gísladóttur, Kristínu Valsadóttur og Lindu Margréti Sigfúsdóttur.
- Tónmennt 2. hefti. Umsjón með útgáfu: Njáll Sigurðsson.
- Tónmennt 2. hefti. Söngvasafn. Pétur Hafþór Jónsson, Helga Gunnarsdóttir, Herdís Oddsdóttir, Þórunn Björnsdóttir, Njáll Sigurðsson og Ríkarður Örn Pálsson stóðu að samningu og útgáfu bókarinnar.
- Syngjandi skóli. Þórunn Björnsdóttir tók saman og setti upp nótur og texta.
- Nýir skólasöngvar. Safnað hefur Þórdís Guðmundsdóttir.
- Sígild tónskáld – sögur með tónlist handa börnum eftir Lailu Krogh.
- Leikum og syngjum – verkefni fyrir byrjendur í tónlist eftir Guðfinnu Guðlaugsdóttur og Þórunni B. Sigurðardóttur.
- Why Beethoven threw the stew – And lots more stories about the lives of great composers eftir Steven Isserlis.

**Ítarefni:**

Hlustunarefni, myndefni, verkefni og efni tekið saman af tónmenntakennara.

**Námsmat:**

Nemandi verður metinn margvíslega og fær að lokum umsögn. Ekki verða tekin annarpróf. Nemandi metur frammistöðu sína sjálfur, skrifleg verkefni verða unnin, virkni, hegðun, og frammistaða í tímum verður einnig metin af kennara.

**Textílmennt**

Kenndar eru tvær stundir á viku hálfan veturinn.

**Markmið:**

Að nemandi

- læri að fitja upp í prjóni
- prjóni garðaprjón
- noti útsaum til skreytinga
- noti taumálun/þrykk til skreytinga
- geti notað hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar

**Kennslutilhögun:**

Bein kennsla og sýnikennsla. Nemendur sauma lítinn bangsa og prjóna fyrir hann slaufu eða sjal. Nemendur vinna að öðrum verkefnum með útsaumssporum og taumálun.

**Námsmat:**

Nemendur eru stöðugt metnir með tilliti til frumkvæðis, hugmyndaauðgi, umgengni og hegðunar. Ekki er gefin einkunn á yngsta stigi.

**Hönnun og smíði**

Kenndar eru tvær stundir á viku hálfan veturinn.

**Markmið:**

Að nemandi geti fylgt hönnunarferli við hönnun og smíðað einfaldan hlut. Hanni og smíði hlut út frá gefinni forskrift sem byggist á ákveðinni virkni, lausn, útliti eða þema.

**Kennslutilhögun:**

Nemendur vinna verkefni sem fyrir þau eru lögð hverju sinni og læra að nota viðeigandi verkfæri. Nemendur læri að þekkja helstu yfirflokka verkfæra og ábyrga umgengni eftir settum reglum í smíðastofu.

**Námsmat:**

Kennari metur stöðugt vinnu, umgengni, framkomu, færni, og framfarir nemenda.

## **Heimilisfræði**

Kenndar eru tvær stundir á viku hálfan veturinn.

### **Markmið:**

Nemendur þekki fæðuhringinn með áherslu á kornflokkinn; þeir venjist góðum lífsvenjum; þekki skaðsemi örvera og venjist flokkun á sorpi.

### **Kennslutilhögun:**

Nemendur fá þjálfun í að vinna eftir uppskriftum og læra að vinna sjálfstætt að einföldum verkefnum. Þeir læra nauðsyn hreinlætis við matargerð.

### **Námsgögn:**

Hollt og gott 3, heimilisfræði fyrir 4 bekk.

### **Ítarefni:**

Ljósrit frá kennurum.

### **Námsmat:**

Fylgst er með frammistöðu í tímum. Umsögn gefin fyrir vinnubók og frammistöðu að vori.

## **Íþróttir, líkams- og heilsurækt**

Tvær kennslustundir á viku.

### **Markmið:**

Að efla líkamlegan þroska, heilbrigði og þrek, einnig þol, kraft og liðleika. Að fara eftir settum reglum og taka tillit til annarra. Að venjast aga og auka samskipti. Að upplifa skólaíþróttir á jákvæðan og skemmtilegan hátt. Að taka þátt í leikjum sem efla sjálfstraust, viljastyrk og áræðni. Að taka þátt í einföldum æfingum og leikjum til þess að efla samspil skynfæra og útfærslu hreyfinga.

### **Kennslutilhögun:**

Nemandinn skal þjálfaður í grófhreyfingum t.d. höfuðstöðu upp við vegg. Nemendur skulu taka þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð s.s. eltingaleikjum, boðhlaupi og boltaleikjum. Nemandinn tileinki sér jákvætt samskiptaform s.s. hvatningu og hrós og einnig öðlist hann þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og ástundun íþróttar. Leikfimin fer fram innanhúss nema stöku sinnum á haustin og á vorin. Nemendur eru hvattir til að neyta holls mataræðis.

### **Námsmat:**

Fylgst er með mætingum nemenda og frammistöðu í tímum og fá þeir matsblað í lok ársins.

## **Skólasund**

Ein kennslustund á viku.

### **Markmið:**

Að nemandi ljúki við sundstig síns árgangs og efli á markvissan hátt líkamshreysti sína og þrek með æfingum og leikjum í vatni.

**Kennslutilhögun:**

Nemandinn nái tókum á atriðum sem reyna á öndun og takt arma og fóta, s.s. 25m bringusundi, 12m skólabaksundi, 12m skriðsundi með eða án hjálpartækja og 12m baksundi með eða án hjálpartækja. Nemandinn taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft hraða og viðbragð s.s. kraftleikjum og boltaleikjum.

Nemandinn fái upplýsingar um möguleika til frekari sundiðkunar hjá íþróttafélögum og nemandinn þekki helstu öryggisatriði sundstaða.

**Námsmat:**

Athugað hvort þau standist fjórða stig í sundi.